



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### *Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samstarf Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar um eftirlitsmyndavélar*

Á fundi borgarráðs þann 22. ágúst 2019 lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að gerð verði tilraun í samvinnu Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar í Reykjavík með að koma upp eftirlitsmyndavélum í tilteknum hverfum borgarinnar sem eru afskekkt eða í útjaðri borgarinnar. Um er að ræða sambærilegar vélar og settar hafa verið upp í öðrum sveitarfélögum m.a. Seltjarnarnesi, Garðabæ og Selfossi. Slíkar vélar yrðu settar upp í samráði við íbúa og lögreglu sem bæri ábyrð á framkvæmdinni og upptökunum.*

Greinargerð fylgir tillögunni.

Bætt tækni í notkun eftirlitsmyndavéla gefur tækifæri til að auðvelda vinnu lögreglu á vissum sviðum. Eitt af því sem unnt er að gera tæknilega er að greina og leita eftir ákveðnum bílum og bílnúmerum. Þetta getur sparað dýrmætan tíma þegar mikið liggur við. Rétt er að áréttu að útfærsla kerfisins verði unnin í samráði við Persónuvernd og farið verið eftir persónuverndarlögum í hvívetna. Íbúar og ákveðin hverfi hafa þegar sýnt þessum málaflokki áhuga og er rétt að stíga hér markviss skref.

Þann 23. ágúst 2019 var tillagan send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar. Við vinnslu umsagnarinnar var óskaði eftir afstöðu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til tillögunnar með bréfi dags. 25. september 2019.

Í svari lögreglunnar dags. 26. febrúar sl. kemur fram að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafi gert samninga um vöktun við nokkur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Slíkt samkomulag til þriggja ára sé til staðar milli Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Neyðarlínunnar og Reykjavíkurborgar um verklag við kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi í miðborg Reykjavíkur sem síðast var undirritað í janúar árið 2017. Þá kemur fram að aðilar samkomulagsins beri sjálfir sinn kostnað vegna hlutverks síns samkvæmt samkomulaginu. Lögreglan hefur því verið opin fyrir samstarfi um eftirlitsmyndavélar en þá sé tekið fram að hún hafi ekki borið kostnað af vélunum og sé slíkt forsenda samninga.

Í áðurnefndu samkomulagi kemur fram að hlutverk Reykjavíkurborgar felst í fjármögnun kaupa á eftirlitsmyndavélum. Auk þess að hlutast til um að útvega ljósleiðarasambönd hjá Gagnaveitu Reykjavíkur til að flytja merki frá myndavélunum í endabúnað lögreglunnar og sjá um merkingar samkvæmt lögum um persónuvernd. Neyðarlínan ber ábyrgð á samskiptum og samningum við fasteignaeigendur um myndavélar á svæðinu auk þess að bera ábyrgð á uppsetningu og rekstri

myndavélanna. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu útvegar búnað m.a. vegna móttöku á merkjum úr öryggismyndavélum og annast vöktun og aðgang að myndefni og vörslu á upptökum samkvæmt gildandi reglum og fyrirmælum Persónuverndar. Þá segir að lögregla ákveði staðsetningu myndavélanna í samráði við Reykjavíkurborg og Neyðarlínuna.

Eftirlitsmyndavélar hafa áður verið til umræðu á vettvangi borgarinnar en 5. febrúar sl. var samþykkt tillaga frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í skipulags- og samgönguráði þess efnis að umhverfis- og skipulagssvið birti ekki efni úr eftirlitsmyndavélum sem notaðar eru til að sýna færð á vegum.

Vöktun sem fram fer með eftirlitsmyndavélum og hefur meðal annars þann tilgang að fylgjast með ferðum fólks fellur undir persónuverndarlög nr. 90/2018. Slík vöktun er takmörkunum háð og einungis leyfileg í málefnalegum tilgangi.

Eins og fram hefur komið er samkomulagið um vöktun milli Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Neyðarlínunnar og Reykjavíkurborgar gert í janúar 2017 til þriggja ára og er því runnið út. Samkomulagið var gert fyrir gildistöku nýrra persónuverndalaga nr. 90/2018 og því tilefni til að fara vel yfir hlutverk samstarfsaðila í áframhaldandi samstarfi í samráði við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að tillagan verði felld en hugað verði að endurnýjun samkomulags Reykjavíkurborgar við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og Neyðarlínuna.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari